

Mál nr. 387/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hún stökk af trampólíni á dýnu við fimleikaiðkun þann 17. febrúar 2021. Sleit hún krossband og reif liðþófa í hægra hné og fór í aðgerð á hnénu í framhaldinu. V staðfesti bótaskyldu í tölvupósti þann 4. apríl 2022 en með tölvupósti dags. 3. október 2022, hafnaði V að standa að örorkumati vegna afleiðinga slyssins þar sem ráðgefandi læknir hefði yfirfarið fyrirbyggjandi gögn vegna slyssins og niðurstaða hans hefði verið á þann veg að varanleg læknisfræðileg örorka myndi ekki ná 15%. Á þeim tíma lá ekki fyrir lokavottorð/vottorð meðferðarlæknis sem V hafði kallað eftir en það barst 6. október 2022 og var þá sent til V og þess óskað að V endurskoðaði afstöðu sína til þátttöku í mati á varanlegum afleiðingum. Með tölvupósti þann 10. október 2022 upplýsti V að staðið yrði við fyrri ákvörðun um að standa ekki að mati þar sem talið væri að varanleg örorka næði ekki 15%. M telur að fyrirbyggjandi gögn sýni fram á yfirgnæfandi líkur á því að varanleg læknisfræðileg örorka hennar vegna slyssins nái því lágmarki sem skilmálar tryggingarinnar geri ráð fyrir. Samkvæmt miskatöflu örorkunefndar getur óstöðugt hné eftir liðbandaáverka með mikilli vöðvarýrnun og hreyfiskerðingu sem ekki verður lagað með neinum aðgerðum ásamt liðþófarifu með vöðvarýrnun og hreyfiskerðingu numið samtals 25% varanlegri læknisfræðilegri örorku. Endanlegt mat á þessu getur ekki legið fyrir nema með mati matsmanns líkt og lagt er upp með samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Telur M að V hafi byggt ákvörðun sína á ófullnægjandi gögnum og að V hafi gefið út bindandi yfirlýsingu um staðfesta bótaskyldu vegna málsins þann 4. apríl 2022 og telur félaginu óheimilt að draga þá yfirlýsingu til baka með þessum hætti.

Í bréfi V er vísað til greinar 5.2.2 um frítúmaslysáttryggingu í viðeigandi váttryggingarskilmálum þar sem fram kemur að bætur vegna varanlegrar örorku greiðist ekki út ef hún er lægri en 15%. Í grein 5.2.10 komi fram að félagið standi ekki að og greiði ekki fyrir mat á læknisfræðilegri örorku ef ljóst er, að álitu félagsins á fyrirbyggjandi gögnum og/eða töflu örorkunefndar um miskastig, að lágmarki skv. grein 5.2.2 verði ekki náð. Skilmáli þessi sé ásamt váttryggingarskírteini hluti váttryggingarsamnings milli M og V. Hafa sambærilegir skilmálar verið taldir eðlilegir á sínu sviði og gert ráð fyrir að váttryggingartökum sé í lófa lagið að kynna sér skilmála sem þessa við töku tryggingarinnar. Bendir V á að bótaskyldu hafi ekki verið hafnað, heldur hafi V hafnað að standa sameiginlega að mati á varanlegum afleiðingum. Telur V ljóst með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir, sbr. miskatafla örorkunefndar, að varanlegir áverkar M vegna slyssins nái ekki 15% lágmarki, en skv. lið VII.B.b. miskatöflunnar ætti umræddur áverki ekki að vera metinn hærri en 10%.

Álit.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort V beri að standa að læknisfræðilegu mati vegna afleiðinga umrædds slyss, svo metið verði hvort læknisfræðileg örorka M nái 15 stigum. Samkvæmt grein 5.2.2 í skilmála frítúmaslysáttryggingar er slíkt lágmark áskilið svo bætur séu greiddar. Samkvæmt grein 5.2.10 sömu skilmála stendur V ekki að og greiðir ekki fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku ef ljóst er, að álitu V á fyrirbyggjandi gögnum og/eða töflu örorkunefndar um miskastig, að lágmarki skv. grein 5.2.2 verði ekki náð. Orðalag umræddra skilmálaákvæða verður að teljast skýrt og M hefur ekki fært rök fyrir því að þau séu óeðlileg eða ósanngjörn. Verður því að telja á grundvelli þeirra að M eigi ekki sjálfkrafa rétt til þess að V standi að læknisfræðilegu mati á afleiðingum slyssins. Hins vegar hefur V ekki sýnt fram á það á hverju félagið byggji það mat sitt að læknisfræðileg örorka M muni ekki ná 15 stigum. Ákvæði 5.2.10 er undanþáguákvæði frá þeirri meginreglu sem fram kemur í grein 5.2.9 að leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, skuli V og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins. Það hvílir á V að sýna fram á að fyrrgreint

undanþáguákvæði eigi við. Vísar V til þess að læknisfræðileg gögn hafi verið lögð fyrir ráðgefandi lækni félagsins til umsagnar og að niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að gögn málsins bæru ekki með sér að metin örorka gæti náð 15% lágmarki með hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Hefur V ekki lagt fram það mat ráðgefandi læknis, heldur vísað til þess í svari sínu til nefndarinnar að samkvæmt lið VII.B.b í miskatöflu Örorkunefndar muni umræddur áverki ekki vera metinn hærri en 10%. Verður af tilvitnuðum lið í miskatöflunni ekki ráðið að það séu meiri líkur en minni á því að áverki M verði metinn undir 15% miska enda liggur engin læknisfræðileg staðfesting á því fyrir. Er óstöðugt hné eftir liðbandaáverka metið á bilinu frá 5% til og með 20%, allt eftir því hversu mikil vöðvarýrnun og hreyfiskerðing viðkomandi er með samkvæmt miskatöflunum. Verður því samkvæmt framansögðu að telja að V sé ekki heimilt að hafna því að standa að læknisfræðilegu mati á afleiðingum slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt til þess að V standi að læknisfræðilegu mati á afleiðingum frítímaslyss hennar hinn 17. febrúar 2021.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir